



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 58/2011

Auglýsingaherferð kvikmyndarinnar Algjör Sveppi og Töfraskápurinn

I.

Málsmeðferð.

1.

Mál þetta hófst með bréfi Neytendastofu, dags. 1. september 2011, í tilefni ábendinga sem stofnuninni bárust vegna auglýsinga í auglýsingaherferð kvikmyndarinnar *Algjör Sveppi og Töfraskápurinn* sem fluttar hafa verið í íslenskum útvarpsmiðlum undanfarið. Af því tilefni sendi stofnunin Hreyfimyndasmiðjunni ehf. bréf, dags. 1. september 2011, en fyrirtækið er framleiðandi kvikmyndarinnar og auglýsingaherferðarinnar. Í bréfinu kom fram að ábendingarnar snúi að því að auglýsingarnar kunni að brjóta í bága við þau lög og reglur sem stofnunin hefur eftirlit með. Með bréfinu óskaði Neytendastofa eftir því að Hreyfimyndasmiðjan afhenti afrit af auglýsingunum til athugunar með vísan til 1. og 2. mgr. 20. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

2.

Svar Hreyfimyndasmiðjunnar barst samdægurs með tölvubréfi. Í bréfinu voru hjálögð afrit útvarpsauglýsinga Hreyfimyndasmiðjunnar á mp3 formi. Útvarpsauglýsingarnar sem fylgdu bréfinu voru sex talsins. Tvær auglýsinganna, *Krakkar1.mp3* og *Krakkar2.mp3* eru svohljóðandi:

*Krakkar1.mp3: „Hæ krakkar þetta er Sveppi. Ég ætla bara að segja ykkur að það er alveg að koma frumsýning á Alger Sveppi og Töfraskápurinn sko. Nú getið þið hætt að bíða eftir þeirri mynd sko, ég veit það eru margir búnir að bíða rosa spennir eftir henni og ég skil það vel nefnilega ég er búinn að sjá hana hún er frábær *fliss*. Sjáumst í Sambíóunum 9. september, góða skemmtun.“*

Krakkar2.mp3: „Hæ krakkar þetta er Sveppi. Ég ætlaði bara að segja ykkur að Alger Sveppi og Töfraskápurinn nýja myndin okkar hún verður frumsýnd 9. september í Sambíóunum. Ég veit að það eru margir búnir að bíða spennir eftir þessari mynd en núna getið þið hætt að bíða og bara



farið í bíó. Sjáumst. Já og góða skemmtun, hún er alveg hrikalega skemmtileg, eða það finnst mér.“

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 2. september 2011, til Hreyfimyndasmiðjunnar var greint frá því að stofnunin færi með eftirlit með lögum um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005, sbr. 4. gr. laganna. Í bréfinu var gerð grein fyrir efni ákvæða 7. gr. laga nr. 57/2005 sem varðar börn og auglýsingar og 28. töluliðar 1. gr. reglugerðar um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir nr. 160/2009, sem varðar auglýsingar sem beinast með tilteknum hætti að börnum.

Þá kom fram að Neytendastofa teldi markhóp umræddrar kvikmyndar vera börn. Efni auglýsinganna tveggja sé á þann veg að börn séu með beinum hætti hvött til þess kaupa aðgang að kvikmyndinni í Sambíóunum. Þá væri auðheyrta af talanda og áherslum leikara auglýsinganna að markhópur þeirra væri börn. Neytendastofa teldi ofangreindar auglýsingar vera til þess fallnar að brjóta gegn 2. mgr. 7. gr. laga nr. 57/2005 og 28. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009.

Þá var Hreyfimyndasmiðjunni gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða skýringum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 og skyldu þær hafa borist stofnuninni innan þriggja daga frá dagsetningu bréfsins. Neytendastofu barst ekkert svar.

Þann 6. september 2011, bárust Neytendastofu ábendingar þess efnis að nýjum auglýsingum í auglýsingaherferð kvikmyndarinnar væri enn beint til barna. Af því tilefni sendi stofnunin Hreyfimyndasmiðjunni aftur bréf, dags. 7. september 2011. Með bréfinu óskaði Neytendastofa eftir því að Hreyfimyndasmiðjan afhenti afrit af hinna nýju auglýsinga til athugunar með vísan til 1. og 2. mgr. 20. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005.

Svar Hreyfimyndasmiðjunnar barst samdægurs með tölvubréfi. Í bréfinu segir að auglýsingarnar fylgi sem farið hafi í loftið þann 5. september 2011, í staðinn fyrir þær sem stofnunin hafi bent á að stangist á við reglugerðir. Það sé von Hreyfimyndasmiðjunnar að þær brjóti ekki í bága við reglurnar. Endilega skuli látið vita ef svo sé ekki og Hreyfimyndasmiðjan skuli með glöðu geði reyna að hafa þær í samræmi við reglurnar. Útvarpsauglýsingarnar sem fylgdu bréfinu voru þrjár talsins. Ein auglýsinganna AS3_FrumFos1.mp3 er svohljóðandi:

AS3_FrumFos1.mp3: *„Hæ krakkar þetta er Sveppi hérna mig langaði bara að se... Obobob þetta er bannað. Nú. Kæru foreldrar væruð þið til í að segja b... Þetta er bannað. Nú. Kæru Íslendingar það er mér sönn ánægja. *Hlátur* Á gráu svæði. Já. Þú sem ert að hlusta: Algjör Sveppi og Töfraskápurinn verður frumsýnd í Sambíóunum á föstudaginn næsta um land allt. Má það eða? *Tónlist*.“*



Með bréfi Neytendastofu, dags. 8. september 2011, sem einnig var sent með tölvubréfi, kom fram að Neytendastofa teldi auglýsingar auglýsingaherferðarinnar, þ.e. Krakkar1.mp3, Krakkar2.mp3 og AS3_FrumFos1.mp3 vera til þess fallnar að brjóta gegn 5. gr., 8. gr., 2. mgr. 7. gr. laga nr. 57/2005 og 28. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009. Þá var Hreyfimyndasmiðjunni aftur gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða skýringum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 og skyldu þær hafa borist stofnuninni fyrir 8. september 2011, kl. 14.00. Neytendastofu barst ekkert svar.

II. Niðurstaða.

Í máli þessu hefur Neytendastofa til skoðunar auglýsingaherferð Hreyfimyndasmiðjunnar ehf. á kvikmyndinni *Algjör Sveppi og Töfraskápurinn*.

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

„Í auglýsingum verður að sýna sérstaka varkárni vegna trúgirni barna og unglinga og áhrifa á þau.“

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 segir að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildir áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Þá segir að í III.–V. kafla laganna sé nánar tilgreint hvað teljast óréttmætir viðskiptahættir. Í 2. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 sem er að finna í III. kafla laganna, segir að ráðherra kveði í reglugerð á um þá viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir.

Í 28. tölul. 1. gr. reglugerðar um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir nr. 160/2009, sem sett er á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laganna, er kveðið á um að ávallt sé óréttmætt:

„Að láta felast í auglýsingu beina hvatningu til barna um að kaupa auglýsta vöru eða telja foreldra þeirra eða aðra fullorðna á að kaupa auglýsta vöru handa þeim. Þessi ákvæði eru þó með fyrirvara um 20. gr. útvarpslaga nr. 53/2000.“

Ákvæðið er ófrávíkjanlegt og ber auglýsendum að gæta þess að efni auglýsinga feli ekki í sér beina hvatningu til barna um að kaupa auglýsta vöru.

Neytendastofa telur ljóst að auglýsingarnar Krakkar1.mp3, Krakkar2.mp3 og AS3_FrumFos1.mp3 í umræddri auglýsingaherferð feli í sér beina hvatningu til barna til þess að kaupa aðgang að kvikmyndinni *Algjör Sveppi og Töfraskápurinn* og eru jafnframt til þess fallnar að hafa áhrif á þau til sama háttarlags. Með birtingu auglýsinganna hefur því



Hreyfimyndasmiðjan brotið gegn 5. gr., 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005 og 28. tölul. 1. gr. reglugerðar nr. 160/2009. Þar sem fyrirtækið hefur ekki sinnt erindum Neytendastofu telur stofnunin að beita skuli þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Í 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur gripið til aðgerða gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.–VI. kafla og ákvæði VII. og VIII. kafla eftir því sem við getur átt. Aðgerðir Neytendastofu geta falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði.“

Með vísan til alls framangreinds bannar Neytendastofa Hreyfimyndasmiðjunni að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Hreyfimyndasmiðjan ehf., Garðsenda 21, Reykjavík, hefur með birtingu auglýsinga kvikmyndarinnar Algjör Sveppi og Töfraskápurinn, Krakkar1.mp3, Krakkar2.mp3 og AS3_FrumFos1.mp3, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæða 28. tölul. 1. gr. reglugerðar um viðskiptahætti sem teljast undir öllum kringumstæðum óréttmætir nr. 160/2009.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Hreyfimyndasmiðjunni ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi við birtingu ákvörðunar þessarar.

Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 9. september 2011

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir